

## Minningarsjóður Indriða Einarssonar

Stofnaður hefur verið minningarsjóður til minningar um Indriða Einarsson.

Indriði fæddist í Reykjavík 30. janúar árið 1971 og bjó frá tveggja ára aldri í Skipasundinu. Indriði hóf feril sinn hjá Þrótti í Reykjavík þar sem hann æfði og spilaði handknattleik og knattspyrnu með yngri flokkum félagsins alveg upp í 2. flokk. Þá stóð svo á hjá Þrótti að þeir áttu einfaldlega ekki mannskap til að halda úti 2. flokki. Hann skipti svo yfir í Fylki þar sem hann varð meðal annars bikarmeistari 1989. Indriði var mjög efnilegur knattspyrnumaður og ekki annað séð en framtíðin væri björt. Hann spilaði með meistaraflokki Fylkis í 3 ár og átt stóran þátt í því að Fylkir tryggði sér sæti í efstu deild í september 1992. Þá lá leið hans til Möltu þar sem hann fór til reynslu hjá Hibernian og í framhaldinu buðu þeir honum samning. Á þessum tíma var Indriði einnig í 21 árs landsliði Íslands og hafði þegar spilað 1 leik. Eftir að hafa spilað á Möltu ásamt æskuvini sínum Ingvari Ólasyni, í um tvo mánuði, varð Indriði bráðkvaddur laugardaginn 21. nóvember 1992.

Það lýsir kannski Indriða best að hann erfði bæði Þrótt og Fylki að peningaupphæð sem verja skyldi til styrktar efnilegum krökkum frá efnaminni heimilum.

Tilgangur sjóðsins er sem sagt að styrkja iðkendur knattspyrnudeildar Fylkis sem geta ekki greitt æfingagjöld, æfingaferðir, búnað til iðkunar og annað sem tengist starfinu.

Úthluta skal út sjóðnum eftir aðstæðum.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn skipaðir af stjórn knattspyrnudeildar Fylkis.

Hægt er að kaupa minningarkort þar sem ágóðinn rennur óskiptur í umræddan sjóð.

Auglýst er eftir umsóknum og ábendingum sem skulu sendar á netfangið [hordur@fylkir.is](mailto:hordur@fylkir.is)

Megi minning um góðan dreng lifa í félaginu um ókomin ár.